

Viðskiptaskilmálar Strikamerkis

1. Inngangur

Hér á eftir fara almennir viðskiptaskilmálar Strikamerkis sem skulu gilda um öll viðskipti Strikamerkis við viðskiptavini félagsins nema um annað sé samið.

Strikamerki áskilur sér einhliða rétt til að breyta viðskiptaskilmálum þessum og verða breytingar tilkynntar með 30 daga fyrirvara á vefsíðu félagsins, www.strikamerki.is.

Viðskiptaskilmálar þessir taka gildi 1.2.2018.

2. Gildissvið

Undir viðskiptaskilmála þessa falla öll viðskipti, tilboð og samningar Strikamerkis við viðskiptavini um kaup á vöru og þjónustu. Viðskiptaskilmálarnir eru ófrávíkjanlegir og gilda um öll þau atriði sem fram í þeim koma nema sérstaklega sé um annað samið með skriflegum hætti.

Skulu allar breytingar á samningsskjölum vera skriflegar og undirritaðar.

Um kaup einstaklinga utan atvinnurekstrar á hvers kyns vöru og/eða þjónustu gilda lög um neytendakaup nr. 48/2003 og lög um þjónustukaup nr. 42/2000, ef ákvæði þeirra laga eru slíkum aðilum hagstæðari en þessir viðskiptaskilmálar kveða á um.

Kaup á hvers kyns vöru eru almennt háð lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, þar sem ákvæðum þessara skilmála, samningi eða viðskiptavenju milli aðila sleppir.

3. Samningur

Samningur telst kominn á þegar samningur, samningsviðauki eða eftir atvikum tilboð hefur verið undirritað(ur) eða samþykkt(ur) skriflega af báðum aðilum. Samþykki í tölvupósti telst fullnægjandi.

3.1. Gildistími tilboðs

Strikamerki ákveður gildistíma tilboðs og telst ekki bundið af tilboði hafi það ekki verið samþykkt af viðskiptavini með formlegum hætti (þar á meðal með samþykki í tölvupósti) innan gildistíma þess. Ef engin dagsetning kemur fram í tilboði gildir það í 2 vikur frá því sölumaður sendir það frá sér.

3.2. Gildistími samninga

Ef ekki er kveðið á um gildistíma samnings í samningi á milli aðila, skal samningur gilda í 12 mánuði og vera óuppsegjanlegur á þeim tíma. Að þeim tíma liðnum skal samningur framlengjast um ár í senn en vera uppsegjanlegur hvenær sem er í samræmi við ákvæði 3.3 í þessum skilmálum.

3.3. Uppsagnarfrestur

Uppsagnarfrestur samnings skal vera 3 mánuðir nema um annað sé samið. Uppsögn tekur gildi um mánaðarmót eftir að hún berst og byrjar þá uppsagnarfrestur að líða. Uppsögn skal vera skrifleg og berast með sannanlegum hætti. Uppsögn í tölvupósti telst gild ef móttaka uppsagnar hefur verið staðfest af starfsmanni Strikamerkis.

3.4. Misræmi í skilmálum

Sé misræmi í texta almennra viðskiptaskilmála og texta samnings eða samningsviðauka gildir texti samnings eða samningsviðauka.

4. Afhending og endurráðstöfun

Strikamerki leitast við að afhenda búnað og þjónustu á umbeðnum og umsömdum tímum og upplýsa viðskiptavin um framvindu eftir bestu getu. Sé um afgreiðslufrest að ræða er hann tilgreindur í samningi. Er hann jafnan áætlaður og ekki bindandi fyrir Strikamerki.

Búnaður sem Strikamerki selur er keyptur til eigin nota kaupanda án ásetnings um endursölu, nema um annað sé samið.

5. Endurgjald og greiðsluskilmálar

5.1. Gjaldtaka

Greiðsla fyrir vöru og/eða þjónustu skal fara eftir gildandi gjaldskrá fyrir hverja vöru og/eða þjónustu Strikamerkis á hverjum tíma, nema um annað sé samið sérstaklega.

5.2. Staðgreiðsla

Vörur og/eða þjónustu skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

5.3. Greiðslukortaviðskipti

Hafi verið samið um greiðslur með greiðslukorti skal kaupandi tilgreina greiðslukort sem nota skal til að gjaldfæra fyrir mánaðarlegum gjöldum í samræmi við gjaldskrá hverju sinni. Ef ekki tekst að gjaldfæra á kreditkort útstandandi gjöld á eindaga öðlast seljandi rétt til að senda kaupanda greiðsluseðil fyrir útstandandi gjöldum. Við slík vanskil reiknast dráttarvextir frá eindaga til greiðsludags.

5.4. Reikningsviðskipti

Þeir viðskiptavinir sem eru í reikningsviðskiptum fá sendan reikning fyrir seldum búnaði og/eða veittri þjónustu. Reikningar frá Strikamerki skulu vera sundurliðaðir og eftir atvikum studdir fylgiskjölum til þess að unnt sé að sannreyna þá.

Viðskiptavinir bera fulla ábyrgð á því að greiðslur fyrir búnað og þjónustu berist Strikamerki á réttum tíma.

Gjalddagi og eindagi reiknings er fimmtán dögum eftir útgáfu reiknings.

Dráttarvextir reiknast á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Athugasemdir vegna útgefinna reikninga skulu berast Strikamerki innan 25 daga frá útgáfudegi reiknings á netfangið strikamerki@strikamerki.is. Teljast reikningar ella samþykktir af hálfu viðskiptavinar.

Verði ágreiningur um fjárhæð reiknings er viðskiptamanni einungis heimilt að bíða með greiðslu á þeirri fjárhæð sem raunverulegur ágreiningur er um.

Strikamerki sendir rafræna reikninga til fyrirtækja í reikningsviðskiptum nema óskað sér sérstaklega eftir öðru.

5.5. Aukaverk og útköll

Aukaverk teljast öll verk sem ekki falla innan samnings. Fyrir slíka vinnu skal greitt samkvæmt gjaldskrá Strikamerkis eins og hún er á hverjum tíma en leitast verður við að afla samþykkis viðskiptavinar áður en vinna er innt af hendi.

Ef nauðsynlegt er skal Strikamerki vera heimilt að grípa til aðgerða til varnar tjóni fyrir viðskiptavin án samþykkis hans og skal farið með slíkar aðgerðir sem aukaverk.

Óski viðskiptavinnur eftir úttekt á þeim kerfum sem Strikamerki hefur í rekstri, hefur þróað fyrir viðskiptavin eða þjónustu sem Strikamerki veitir viðskiptavini skal greitt fyrir slíka vinnu, og eftir atvikum utanaðkomandi ráðgjöf, samkvæmt gildandi gjaldskrá Strikamerkis.

Lágmarksgjald fyrir útkall á þjónustutíma er sem nemur 2 klst. en utan þjónustutíma sem nemur 4 klst. samkvæmt gjaldskrá Strikamerkis.

5.6. Ferðakostnaður og útlagður kostnaður

Sérstakt akstursgjald er gjaldfært fyrir akstur innan höfuðborgarsvæðisins.

Sé viðskiptavinur staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins skal hann greiða Strikamerki kílómetragjald og uppihald samkvæmt gjaldskrá Strikamerkis.

Viðskiptavinur skal greiða allan útlagðan kostnað sem Strikamerki hefur stofnað til í þágu viðskiptavinar.

5.7. Breytingar á verðskrá

Strikamerki áskilur sér einhliða rétt til að endurskoða þjónustugjöld, uppfærslugjöld og leyfisgjöld eftir þörfum hverju sinni, nema um annað sé samið milli aðila. Slíkar breytingar geta haft áhrif á mánaðarleg gjöld samnings.

6. Sala á vélbúnaði, hugbúnaði og þjónustu

Um kaup á vélbúnaði, hugbúnaði og þjónustu, þ.m.t. innihald, kröfur og samsetningu búnaðar, fer eftir samningum aðila eða pöntunum viðskiptavina, sem sendar hafa verið Strikamerki og samþykktar af hálfu Strikamerki með skriflegum hætti.

6.1. Sala á vélbúnaði

6.1.1. Afhending

Strikamerki ábyrgist að allur nýr vélbúnaður virki og sé í góðu lagi við afhendingu. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að kynna sér ábyrgðarskilmála vörunnar.

Notaður vélbúnaður, sem seldur er sem slíkur, er seldur án ábyrgðar nema um annað sé samið sérstaklega.

Ábyrgð á búnaði gildir aðeins á Íslandi nema um annað hafi verið samið.

6.1.2. Skil á vélbúnaði

Vélbúnaði er einungis hægt að skila í afgreiðslu Strikamerkis og ber kaupandi ábyrgð á að kreditreikningur og/eða móttökukvittun sé í samræmi við vöruskil. Vélbúnaði fæst aðeins skilað ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Vélbúnaðurinn er sannanlega gallaður;
- Allar handbækur, fylgihlutir, fylgigögn og umbúðir fylgja með í upprunalegu ástandi;
- Vélbúnaðurinn er í upprunalegu ásigkomulagi og án sjáanlegra skemmda;
- Innan við 14 dagar eru frá afhendingu vörunnar eða uppgötvunar galla, ef kaupandi vélbúnaðar sýnir fram á að galli hafi uppgötvast síðar;
- Sérpöntuðum búnaði fæst ekki skilað nema búnaðurinn sé verulega gallaður;
- Vélbúnaði á kaup-, fjármögnunar- eða rekstrarleigu fæst aðeins skilað í samræmi við ákvæði viðkomandi samnings um slík viðskipti.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á sendingarkostnaði við vöruskil. Viðskiptavinur ber ábyrgð á vöru þar til Strikamerki hefur mótttekið hana.

6.1.3. Eignarréttur

Strikamerki heldur eignarrétti að hinum selda vélbúnaði þar til andvirði hans er að fullu greitt. Sala, framsal, veðsetning eða ráðstöfun búnaðar, sem ekki er að fullu greiddur, er óheimil nema sérstaklega sé um annað samið.

6.1.4. Áhættuskipti

Áhætta vegna vélbúnaðar flyst til viðskiptavinar við afhendingu eða á uppsetningardeg, ef samið hefur verið við Strikamerki um uppsetninguna. Strikamerki ber áhættu þangað til.

6.2. Sala á hugbúnaði

6.2.1. Nýting hugbúnaðar

Í sölu hugbúnaðar felst einungis réttur til notkunar á hugbúnaðinum en ekki eignarréttur. Viðskiptavini er með öllu óheimilt að framselja hugbúnað með nokkrum hætti, afrita hugbúnað, setja upp á fleiri útstöðvum eða leyfa fleiri notendum afnot af hugbúnaðinum en samningur kveður á um. Óheimilt er að breyta eða fela öðrum en Strikamerki að breyta hugbúnaði. Óheimilt er að brjóta hugbúnaðinn niður (e. reverse engineering).

6.2.2. Sala á hugbúnaði annarra aðila

Hugbúnaður og leyfisforrit frá öðrum en Strikamerki er selt á forsendum framleiðandans eða eiganda réttindanna. Um afnotarétt en ekki eignarrétt er að ræða nema um annað sé samið.

Heimild til notkunar kann að gilda um ákveðinn umsaminn tíma.

Hugbúnað af þessu tagi má ekki selja, leigja, framselja eða afhenda öðrum. Framleiðandi eða eigandi getur sett sérstök skilyrði og er það á ábyrgð kaupanda að kynna sér notkunarskilmála.

6.2.3. Nytjaleyfi

Með samningi um kaup á nytjaleyfi veitir Strikamerki viðskiptavini leyfi til að nýta hugbúnað fyrir tilgreindan fjölda notenda og/eða á tilgreindum fjölda útstöðva í tiltekinn tíma og er viðskiptavini

einungis heimilt að nota hugbúnaðinn á þeim vélbúnaði og í þeim mæli sem kveðið er á um í samningi milli aðila.

Viðskiptavinur greiðir leyfisgjald vegna nytjaleyfa er byggir á þeim réttindum eða þjónustubáttum sem tilgreindir eru í samningi, þ.m.t. uppfærslugjald og gjald fyrir uppsetningu búnaðar.

Leyfisgjöld eru háð breytingum í samræmi við ákvæði 5.7 í viðskiptaskilmálum þessum, nema um annað sé samið milli aðila.

6.2.4. Uppfærslusamningar

Viðskiptavinur á ekki sjálfkrafa rétt á uppfærslum og yfirfærslum í nýjar útgáfur af hugbúnaði, en aðilar geta samið um slíkan rétt gegn greiðslu.

Vinna og þjónusta af hálfu Strikamerkis við uppfærslur er ekki innifalin í uppfærslugjöldum nema um slíkt sé samið sérstaklega. Fyrir slíka vinnu verður gjaldfært í samræmi við gjaldskrá Strikamerkis eins og hún er á hverjum tíma.

Strikamerki lofar ekki ákveðinni tíðni nýrra útgáfa af hugbúnaði.

6.3. Sala á þjónustu

6.3.1. Beiðni um þjónustu

Strikamerki getur einungis tryggt viðbragð ef beiðni um þjónustu berst með einni af eftirfarandi leiðum:

6.3.1.1. Þjónustunetfang

Þjónustubeiðni send á netfangið thjonusta@strikamerki.is þar sem fram kemur:

- Lýsing verkefnis
- Tengiliðaupplýsingar (nafn, símanúmer)
- Fyrirtæki (ef annað en kemur fram í netfangi beiðnar)
- Raðnúmer á biluðum búnaði ef það á við

6.3.1.2. Símtal

Viðskiptavinur getur hringt í síma 575-1900 á þjónustutíma þar sem verkbeiðni er skráð. Fyrir hvert símtal gjaldfærist ¼ klst fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur, sé þjónusta veitt í gegnum síma.

6.3.1.3. Þjónustugátt

Viðskiptavinum Strikamerkis býðst aðgangur að þjónustugátt (<https://strikamerki.is/page/thjonustuvefur>) þar sem hægt er að skrá og fylgjast með framgangi verkbeiðna.

6.4. Þjónustutími

Almennur þjónustutími er virka daga kl. 8:30 – 17:00 nema um annað sé samið.

Fyrir vinnu utan almenns þjónustutíma gildir sérstakt yfirvinnugjald eða stórhátíðargjald eftir því sem við á.

7. Leiga á búnaði

Strikamerki býður upp á leigu ýmiss konar búnaðar til lengri og skemmri tíma. Eftirfarandi skilmálar eiga við allan búnað sem viðskiptavinur leigir hjá Strikamerki:

- Ábyrgð viðskiptavinar á hinum leigða búnaði hefst við móttöku hans og lýkur þegar búnaði hefur sannanlega verið skilað í hús til Strikamerkis eða komið í ábyrgð Strikamerkis á annan hátt.
- Viðskiptavinur má ekki selja, leigja, veðsetja eða með nokkrum öðrum hætti afsala sér umráðum hins leigða búnaðar.
- Viðskiptavinur ábyrgist sérstaklega að hann muni ekki nýta búnað frá Strikamerki til lögbrotar af nokkru tagi, þ.m.t. brot á löggjöf um höfunda- og hugverkarétt. Viðskiptavinur ábyrgist jafnframt greiðslur hvers konar leyfisgjalda og höfundaréttagjalda sem af notkun búnaðarinnar kann að leiða.
- Viðskiptavini er óheimilt að nota hinn leigða búnað á öðrum stöðum en þeim sem Strikamerki hefur samþykkt. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að staðsetja búnað þannig að hann verði ekki fyrir hnjaski, óæskilegu hitastigi, raka, óhreinindum eða þess háttar.
- Viðskiptavinur ber ábyrgð á réttri notkun samkvæmt leiðbeiningum og öðru er tengist notkun búnaðar.
- Viðskiptavinur tekur fulla ábyrgð á því að skila búnaði í jafngóðu ástandi og hann tók við þeim í, að teknu tilliti til eðlilegs slits vegna notkunar.
- Viðskiptavinur ber ábyrgð á viðgerðarkostnaði sem brot á skilmálum þessum leiðir til.
- Ef leigður búnaður týnist eða skemmist að því marki að ekki svari kostnaði að mati Strikamerkis að gera við hann, ábyrgist viðskiptavinur að greiða Strikamerki fullt endurstofnverð búnaðar án tillits til aldurs eða slits á honum.

8. Skyldur og ábyrgðir viðskiptavina

Viðskiptavinur skal gera Strikamerki kleift að sinna þeim hluta þjónustunnar sem fer fram á vinnustað viðskiptavinar, hvort sem starfsmaður Strikamerkis mætir á staðinn eða þjónustan fer fram í gegnum fjartengingarbúnað.

Viðskiptavinur skal eftir fremsta megni gera Strikamerki kleift að sinna þjónustu á þjónustutíma. Ef því er ekki við komið og vinna þarf að fara fram utan þjónustutíma gildir sérstakt yfirvinnugjald eða stórhátíðargjald, eftir því sem við á.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á leiðbeiningum og fyrirskipunum sem hann og/eða starfsmenn hans gefa Strikamerki. Viðskiptavinur ber ábyrgð á réttmæti upplýsinga sem hann og/eða starfsmenn hans gefa Strikamerki.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að notkun hugbúnaðar og vélbúnaðar brjóti ekki gegn lögum eða réttindum annarra.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef hvers kyns búnaður í eigu Strikamerkis sem hann hefur til umráða, skemmist eða eyðileggst.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að tryggja upplýsingaöryggi búnaðar sem meðal annars getur falist í, en er ekki takmarkað við notkun eldveggja, notkun vírusvarna, uppfærslu stýrikerfa, uppfærslu hugbúnaðar frá þriðja aðila og afritunartöku.

Viðskiptavini er óheimilt að bjóða starfsmönnum Strikamerkis stöðu í eigin fyrirtæki innan 12 mánaða ef hlutverk stöðunnar er sambærilegt við það sem starfsmaður vann fyrir viðskiptavin í starfi sínu hjá Strikamerki.

9. Skyldur og ábyrgðir Strikamerkis

Strikamerki ber ábyrgð á að þjónusta og búnaður sé fullnægjandi og í samræmi við samning aðila. Ábyrgð er þó almennt háð því að notkun sé í samræmi við lýsingarkröfur framleiðanda. Ef viðskiptavinur telur að þjónusta og/eða búnaður sé ekki í samræmi við samning aðila og/eða lýsingarkröfur framleiðanda skal senda kvörtun um slíkt til Strikamerkis. Ef vankantar á búnaði og/eða þjónustu er ekki að rekja til atvika er varða Strikamerki er Strikamerki heimilt að innheimta þann kostnað sem hlaut af því að reyna að bæta úr vanköntunum.

9.1. Ábyrgð á vélbúnaði

Í viðskiptum Strikamerkis við aðila í atvinnurekstri er ábyrgðartími búnaðar og þjónustu 12 mánuðir. Sé um neytendakaup að ræða, þ.e. kaup aðila utan atvinnurekstrar, er ábyrgðartíminn 2 ár í samræmi við lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ef ábyrgðartími skal vera annar en að framan greinir skal þess sérstaklega getið í samningi eða á sölureikningi.

Strikamerki ábyrgist að vélbúnaður sem seldur er viðskiptavini virki sem skyldi á afhendingardegi og á ábyrgðartíma vélbúnaðarins.

Reikningur fyrir búnaðarkaupum gildir sem ábyrgðarskírteini og skal framvísa honum til staðfestingar á ábyrgð. Ábyrgðartími hefst þegar vélbúnaður er afhentur eða við dagsetningu reiknings, hvort sem er fyrir.

Notaður vélbúnaður, sem seldur er sem slíkur, nýtur ekki ábyrgðar nema sérstaklega sé um það samið.

Ábyrgð á rafhlöðum eru 6 mánuðir nema um annað sé samið. Ábyrgð á prentausum eru 3 mánuðir nema samið sé um annað.

Strikamerki áskilur sér rétt á að skipta út vélbúnaði sem bilar á ábyrgðartíma með eins eða sambærilegri vöru ef upp kemur að varahlut sé ekki hægt að fá frá framleiðanda vörunnar. Ábyrgð veitir ekki rétt til að krefjast nýrrar vöru í stað þeirrar biluðu.

Ábyrgð Strikamerkis á vélbúnaði og réttur viðskiptavinar til þess að fá endurgreiddan viðgerðarkostnað fellur niður ef eitthvað af eftirfarandi atvikum eiga við:

- Leiðbeiningum framleiðanda vélbúnaðar og Strikamerkis um hirðu, notkun, álag, íhluti eða viðhald er ekki fylgt;
- Verksmiðjunúmer hefur verið fjarlæggt;

- Bilun eða skaða má rekja til illrar eða rangrar meðferðar, raka- eða höggskemmda, rangrar uppsetningar, slælegs viðhalds, slysa eða óhappa;
- Vélbúnaðurinn er orðinn slitinn af notkun;
- Viðgerð eða tilraun til viðgerðar hefur verið gerð af öðrum en starfsmönnum Strikamerkis;
- Óviðkomandi aðili hefur opnað eða átt við vélbúnað, breytt honum eða bætt við hann á einhvern hátt;
- Átt hefur verið við vélbúnaðinn þannig að skemmd hefur hlotist af;
- Ábyrgðarinnsgli hefur verið rofið;
- Bilun eða skaða má rekja til þess að vélbúnaður hafi verið tengdur við ranga rafspennu, breytinga á veituspennu eða rafmagnstruflana og annarra utanaðkomandi áfalla sem búnaðurinn verður fyrir;
- Bilun eða skaði stafar af rangri tengingu við rafkerfi eða netkerfi;
- Bilun má rekja til óhæfra umhverfisþátta, svo sem ryks, hita- eða rakastigs;
- Bilun stafar af vöru og/eða þjónustu sem Strikamerki ber ekki ábyrgð á.

9.2. Ábyrgð á hugbúnaði

Strikamerki ábyrgist að uppsetning á stöðluðum hugbúnaði virki eins og við má búast, í samræmi við kynningarefni hugbúnaðarins, fyrir þá útgáfu hugbúnaðarins sem í boði er á þeim tíma sem salan fer fram og með þeim vélbúnaði, stýrikerfi og öðrum kerfishugbúnaði sem tilgreint er.

Strikamerki ábyrgist ekki að staðlaður eða sérsmíðaður hugbúnaður sé gallalaus, virki án rekstrartruflana, að hugbúnaður starfi rétt eða að allar hugbúnaðarvillur sem og aðrar villur séu lagfærðar.

Notkun hugbúnaðar sem Strikamerki selur, hvort sem hann er þróaður af Strikamerki eða af þriðja aðila, er alfarið á ábyrgð viðskiptavinar.

9.3. Ábyrgð á hugbúnaði annarra aðila

Þar sem Strikamerki er endursöluaðili hugbúnaðar þriðja aðila gilda þær ábyrgðartakmarkanir og skilmálar sem eigandi hugbúnaðar hefur sett svo framarlega sem slíkt samræmist íslenskum lögum.

9.4. Ábyrgð á þjónustu

Öll þjónusta er veitt án skuldbindinga um viðbragðstíma.

9.5. Ábyrgð á afritun

Strikamerki ábyrgist ekki að afrit gagna á grundvelli afritunarsamninga sé alltaf fullkomin enda hefur Strikamerki ekki möguleika á að sannreyna afrit nema sérstaklega sé um það samið.

9.6. Ábyrgðartakmarkanir

Strikamerki ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna gagnataps, niðritíma búnaðar eða töfum vegna þjónustu eða búnaðar, nema tjón verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis Strikamerkis eða starfsmanna Strikamerkis.

Strikamerki ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili sem ekki er á vegum Strikamerkis veldur. Strikamerki ber ekki ábyrgð á töfum, skaða, niðritíma eða svartíma þriðja aðila.

Strikamerki ábyrgist ekki tiltekinn árangur af notkun búnaðar. Viðskiptavinur á engar kröfur á hendur Strikamerkis vegna eiginleika eða skorts á eiginleikum hins keypta, enda hafði viðskiptavinur möguleika á að kynna sér eiginleika og takmarkanir hins keypta.

Ábyrgð nær ekki til kostnaðar sem hlýst af breytingum annarra en starfsmanna Strikamerkis á búnaði viðskiptavinar.

Ábyrgð nær ekki til kostnaðar vegna endurheimtu gagna eða enduruppsetningu búnaðar.

Viðskiptavini er óheimilt, nema um annað sé samið, að fá þriðja aðila til að sinna þjónustu er varðar þá þjónustubætti sem samningur fjallar um.

Strikamerki ber í engu tilviki ábyrgð á rekstrartapi viðskiptavinar og/eða þriðja aðila, né heldur afleiddu tjóni slíkra aðila, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta eða til annarra ástæðna.

Strikamerki ber í engu tilviki ábyrgð á tjóni sem verður á persónum, fasteignum eða lausafé og kann að stafa af búnaði eða þjónustu sem Strikamerki hefur veitt.

Utan þess sem greinir í skilmálum þessum skal ábyrgð Strikamerkis vegna hvers kyns mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu, hugbúnaði eða vélbúnaði sem verður í tengslum við samning aðila, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Strikamerki fyrir þá tilteknu þjónustu, hugbúnað eða vélbúnað sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

9.7. Tilkynning um galla

Viðskiptavinur Strikamerkis glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla, ef hann tilkynnir Strikamerki ekki án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var og í hverju gallinn var fólgin.

Ef viðskiptavinur leggur ekki fram kvörtun innan árs frá þeim degi, er hann veitti búnaði eða þjónustu viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig.

Tilkynning um galla skal berast á netfangið strikamerki@strikamerki.is.

10. Skaðleysi

Viðskiptavinir skuldbinda sig til að fara að landslögum og opinberum stjórnvaldsákvörðunum.

Viðskiptavinir skuldbinda sig til að virða réttindi þriðja aðila og brjóta ekki gegn slíkum réttindum, hvort sem um er að ræða höfundarétt, eignarrétt, nýtingarrétt eða hvers kyns annars konar réttindi.

Komi til brota samkvæmt framansögðu sem veldur Strikamerki með einhverjum hætti tjóni skuldbinda viðskiptavinir sig til þess að halda Strikamerki að fullu skaðlausu gegn slíku tjóni. Skyldur viðskiptavinar til að halda Strikamerki skaðlausu í slíkum tilfellum gildir ekki ef Strikamerki hefur með einhverjum hætti stuðlað að brotum viðskiptavinar.

Komi fram krafa gagnvart viðskiptavini frá þriðja manni um að vara brjóti gegn réttindum hans mun Strikamerki halda viðskiptavini skaðlausum af slíkri kröfu að því tilskildu að viðskiptavinur tilkynni

Strikamerki um kröfuna strax og honum er kunnugt um hana og veiti því rétt til ákvarðanatöku um hana. Veiti viðskiptavinur Strikamerkis rétt til ákvarðanatöku um slíka kröfu tekur Strikamerki ákvörðun um hvort það breytir vörunni, útvegar viðskiptavini aðra sambærilega vöru eða semur við þriðja aðila um leyfi til að notkunar á vörunni.

Skyldur Strikamerkis samkvæmt þessari grein gilda ekki ef viðskiptavinur heldur áfram notkun vöru eftir að Strikamerki hefur boðið úrbætur samkvæmt framansögðu eða ef brot eða ætlað brot er afleiðing þess að hann hefur breytt vörunni eða notað hann á eða með öðrum búnaði sem ekki fellur að skilmálum samnings.

11. Óviðráðanleg atvik (e. force majeure)

Hvorki Strikamerki né viðskiptavinir þess eiga rétt til skaðabóta á hendur gagnaðila þegar vanefndir orsakast af óviðráðanlegum eða ófyrirséðum atvikum (e. force majeure) sem ekki eru til staðar við samningsgerð, svo sem vinnudeilum, styrjöldum, uppreisnum, náttúruhamförum, aðgerðum stjórnvalda á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, breytingum stjórnvalda á lögum og reglugerðum, viðskiptabönnum, hafnbönnum, almennum samgönguhindrunum, orkuskorti, hvers kyns netárása og sambærilegum óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka.

12. Hugverkaréttur

Í þeim tilvikum þar sem Strikamerki selur eigin hugbúnað þá er Strikamerki eigandi og einkaréttshafi að höfundarrétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt, eignarétt að atvinnuleyndarmálum, sérþekkingu eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast er lúta að hugbúnaðinum. Sama gildir um allar síðari viðbætur við hugbúnaðinn sem Strikamerki leggur til eða öðlast með framsali.

Í þeim tilvikum þegar Strikamerki er endursöluaðili þá er sá aðili, er veitir Strikamerki réttindi til endursölu, eigandi að höfundarrétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka og auðkennaréttar í samræmi við skilmála eiganda hugbúnaðarins.

Strikamerki er heimilt að endurnota allar hugmyndir, hugverk, sérþekkingu og aðferðir sem stafa af þeirri þjónustu sem innt er af hendi fyrir eða í samvinnu við viðskiptavin.

Hugbúnað í eigu Strikamerkis er óheimilt að endurleigja eða lána til þriðja aðila með eða án endurgjalds.

13. Vörumerki

Strikamerki er heimilt að vísa til viðskiptavinar á vefsíðu sinni og birta vörumerki hans þar, sem og í öðru kynningarefni á vegum Strikamerkis. Viðskiptavinur skal leita samþykkis Strikamerkis fyrir slíkrri notkun á nafni og vörumerkjum Strikamerkis.

14. Upplýsingaöryggi

Viðskiptavinur telst ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum, að því er varðar hvers konar efni sem afritað er í samræmi við samninga aðila.

Strikamerki telst eftir atvikum vinnsluaðili skv. sömu lögum vegna vinnslu á efni viðskiptavinar skv. samningum aðila.

15. Trúnaður

Strikamerki skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi gögn og málefni sem félaginu verður kunnugt um hjá viðskiptavini.

Samningur á milli aðila er trúnaðarmál og skal því aðeins dreift til þeirra sem hafa með framkvæmd hans að gera og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er.

Viðskiptavinur er bundinn trúnaðarskyldu um málefni Strikamerkis sem hann fær vitneskju um vegna framkvæmdar samnings.

Aðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi reksturinn, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Trúnaðarskylda gildir áfram eftir að samningssambandi lýkur.

16. Varðveisla gagna og aðrar skyldur við lok samnings

Strikamerki varðveitir ekki gögn viðskiptavinar eftir að gildistíma samnings er lokið eða honum hefur verið sagt upp af öðrum orsökum.

Við lok samnings skal viðskiptavinur afhenda Strikamerki vélbúnað og annan búnað eða leyfi í eigu Strikamerkis sem viðskiptavinur hefur haft til umræða. Öll vinna sem Strikamerki sinnir vegna samningsloka er unnin í tímavinnu samkvæmt gildandi gjaldskrá Strikamerkis.

17. Framsal réttinda

Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín samkvæmt samningi án skriflegs samþykkis Strikamerkis.

18. Vanefndir og vanefndarúrræði

Til vanefnda af hálfu Strikamerkis og viðskiptavinar teljast hvers kyns brot á skilmálum þessum og samningum milli Strikamerkis og viðskiptavinar, þar með talið hvers kyns greiðsludráttur. Strikamerki áskilur sér rétt til að hætta að veita og eftir atvikum loka þjónustu 14 dögum eftir að tilkynning um vanefnd hefur verið send viðskiptavini.

Við greiðsludrátt áskilur Strikamerki sér rétt til að reikna dráttarvexti á útistandandi fjárhæð frá eindaga til greiðsludags í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá leggst greiðslu og tilkynningargjald á útistandandi fjárhæðir.

Strikamerki áskilur sér rétt til að rifta samningi eða beita öðrum vanefndarúrræðum ef um verulegar vanefndir viðskiptavinar er að ræða, t.d. greiðsludráttur sem varir í meira en 30 daga frá eindaga.

Rifti Strikamerki samningi skal viðskiptavinur þegar í stað hætta öllum notum á hugbúnaði í eigu Strikamerkis og afmá hann af öllum vélbúnaði viðskiptavinar.

Viðskiptavini er heimilt að rifta samningi ef um verulegar vanefndir Strikamerkis er að ræða sem varað hafa í 60 daga og Strikamerki hefur ekki bætt úr þrátt fyrir formlega áskorun viðskiptavinar.

19. Gjaldþrot

Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi við gjaldþrot annars hvors samningsaðila. Verði öðrum samningsaðila veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana við lánardrottna sína er uppsagnarfrestur gagnaðila samnings þessa einn mánuður þar til fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi aðila er formlega lokið. Verði viðskiptavini veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana við lánardrottna sína getur Strikamerki krafist þess að sett verði trygging fyrir efndum samnings á því tímabili sem fjárhagsleg endurskipulagning viðskiptavinar stendur yfir. Verði ekki orðið við slíkri kröfu getur Strikamerki rift samningnum.

20. Lög og varnarþing

Íslensk lög skulu gilda um viðskiptaskilmála þessa, samninga og eftir atvikum tilboð sem Strikamerki gerir við viðskiptavini sína. Ágreining um túlkun skilmála og framkvæmd samninga skulu Strikamerki og viðskiptavinur leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

21. Skilgreiningar

Almennir viðskiptaskilmálar eru skilmálar þessir.

Birgi er hver sá aðili sem selur Strikamerki vörur sem ætlaðar eru til endursölu af hálfu Strikamerkis.

Búnaður er samheiti fyrir hvers kyns vél- og hugbúnað.

Framleiðandi er hver sá aðili sem framleiðir vörur sem Strikamerki hefur til endursölu.

Hugbúnaður er samheiti yfir hvers konar setningar, skipanir og forrit í véllesanlegu eða prentuðu formi sem lúta að notkun gagnavinnslukerfa auk tilheyrandi skjölunar s.s. tæknilýsinga, handbóka, kennsluefnis og leiðbeininga.

Leyfisgjald er gjald fyrir nytjaleyfi til notkunar á tilteknum hugbúnaði.

Nytjaleyfi er leyfi til notkunar á tilteknum hugbúnaði í samræmi við skilmála samnings.

Samningur er samheiti fyrir hvers konar samning sem gerður er milli Strikamerkis og viðskiptavinar.

Uppfærslugjald er verð fyrir rétt til uppfærslna á hugbúnaði samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum samnings.

Vara er samheiti fyrir hvers kyns hugbúnað, vélbúnað, lausn eða aðra vörutegund sem Strikamerki selur.

Vélbúnaður er hvers kyns tæki sem notuð eru til gagnavinnslu og annarra skyldra nota.

Viðskiptaskilmálar er samheiti yfir almenna og sértæka viðskiptaskilmála Strikamerkis.

Þjónusta er þjónusta af hvaða tagi sem er, sem Strikamerki veitir viðskiptavini gegn endurgjaldi á grundvelli samnings og/eða pöntunar viðskiptavinar.

Þjónustugjald er gjald fyrir þjónustu sem Strikamerki vinnur fyrir viðskiptavin.